

Viðmið Skautasambands Íslands

2025-2026



Skautasamband Íslands
www.iceskate.is

Icelandic Skating Association
info@iceskate.is

1 Hlutverk Afreksnefndar	2
2 Hópar og viðmið ÍSS 2025-2026	2
2.1 Viðmið Landsliðs	2
2.1.1 Landslið með ISU Lágmörk	2
2.1.2 Landslið ÍSS og Hæfileikamótun	2
3 Val á mót með fjöldatakmarkanir	2
3.1 Íslandsmeistaramót ÍSS	3
3.2 Virk keppnisþátttaka	3
3.3 Þátttaka í verkefnum Afrekshóps ÍSS	3
3.4 Innihald prógramma	3
3.4.1 Eftirfarandi gildir fyrir mat á innihaldi prógramma	4
3.5 Þættir sem koma til álita og stigagjöf	4
3.6 Dæmi um stigagjöf	4
4 Mót sem eru metin til viðmiða	5
4.1.1 Skil á Protocolum	5
5 Keppnisþátttaka	5
5.1.1 Þátttaka á alþjóðlegum mótum	5
5.1.2 Þátttaka á alþjóðlegum félagamótum (e. Inter-Club)	6
5.1.3 Skautarar sem hyggjast keppa upp fyrir sig á ISU móti	6

Stjórn ÍSS gefur út viðmið fyrir afrekshópa við val á keppendum í landslið og þátttöku íslenskra keppenda á opnum mótum á vegum Alþjóðlega Skautasambandsins (ISU). Afreksnefnd vinnur eftir reglugerð ÍSS um fastanefndir.

1 Hlutverk afreksnefndar

Hlutverk afreksnefndar er útlistað í reglugerð ÍSS nr. 203 um afreksnefnd.

2 Hópar og viðmið ÍSS 2025-2026

Í afreksstefnu ÍSS er farið yfir stuðning ÍSS við skautara í landslið(sjá afreksstefnu ÍSS).

2.1 Viðmið landsliðs

Öllum keppendum ÍSS í ISU flokkum er raðað upp á styrkleikalista upp út frá eftirfarandi atriðum:

- Heildareinkunn (Total Score)
- Innihaldi prógrams
- Keppnisreynslu
- Þátttöku í afreksverkefnum ÍSS

2.1.1 Landslið með ISU lágmark

Lágmarkseinkunnir í stuttu og frjálsu prógrammi inn í afrekshóp eru alþjóðleg lágmark gefin út af ISU. Þessar einkunnir veita keppnisrétt á stórmót ISU. Nánari upplýsingar má finna í [Communication 2732](#).

2.1.2 Landslið ÍSS og hæfileikamótun

Þeir sem náð hafa viðmiðum í unglinga- eða fullorðinsflokki teljast til landsliðs ÍSS. Aðrir tilheyra hæfileikamótun.

Eftirfarandi heildarstig (Total Score) þarf til að ná viðmiðum.

	Kvennaflokkar	Karlaflokkar	Pör
Senior	110	130	145
Junior	90	100	90
Advanced Novice	65	65	65

Viðmið eru gild út það tímabil sem þeim er náð sem og tímabilið þar á eftir, óháð því hvort skautari færir á milli keppnisflokka.

Skautari telst keppandi í keppnisflokki þegar hann hefur lokið keppni í viðkomandi flokki á gildu móti. Mótið skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 302 um gild mót.

3 Val á mót með fjöldatakmarkanir

Við val keppenda á mót með fjöldatakmarkanir er litið til eftirfarandi þátta þegar raðað er á styrkleikalista hverju sinni.

3.1 Íslandsmeistaramót ÍSS

Þátttaka á Íslandsmeistaramóti er skilyrði. Skila þarf inn læknisvottorði ef skautari keppir ekki vegna veikinda eða meiðsla en vill koma til álita við val á mót.

3.2 Virk keppnisþátttaka

Keppendur þurfa að sýna fram á virka keppnisþátttöku á tímabilinu. Virk keppnisþátttaka telst að lágmarki eitt mót á haustönn og eitt mót á vorönn. Mót sem telja til virkrar keppnisþátttöku eru þau sem uppfylla kröfur í reglugerð 302.

3.3 Þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS

Skautarar í landsliði skulu taka þátt í öllum afreksverkefnum ÍSS. Skautasamband Íslands fær styrki úr afrekssjóði ÍSÍ ef kröfur um virka afreksstefnu og þátttöku keppenda í afreksstefnu sambandsins eru uppfylltar. Það er því nauðsynlegt fyrir ÍSS að keppendur, sem teljast til landsliðs, taki þátt í afreksstarfi Skautasambandsins.

3.4 Innihald prógramma

Litið er til innihalds beggja prógramma samkvæmt keppnisreglum. Einnig verður litið til eftirfarandi atriða eftir keppnisflokkum:

Advanced Novice

- Meðaltal heildareinkunnar af öllum keppnum síðustu 12 mánuði
- Hversu margar tegundir stökka er skautari að sýna umfram skyldustökk (3S/3T/3Lo/3F/3Lz). Hver tegund stökks er talin einu sinni.
- Píróettur með erfiðleikastig 3 (hámark 3 metnir)
- Sporasamsetning (StSq) með erfiðleikastig 2

Junior

- Meðaltal heildareinkunnar af öllum keppnum yfir síðustu 12 mánuði
- Hversu margar tegundir stökka er skautari að sýna umfram skyldustökk (3S/3T/3Lo/3F/3Lz/3A). Hver tegund stökks er talin einu sinni.
- Píróettur með erfiðleikastig 3 (hámarki 3 metnir)
- Sporasamsetning (StSq) með erfiðleikastig 3

Senior

- Meðaltal heildareinkunnar af öllum keppnum yfir síðustu 12 mánuði
- Hversu margar tegundir stökka er skautari að sýna umfram tvöföld stökk (3S/3T/3Lo/3F/3Lz/3A/4T/4S). Hver tegund stökks einungis talið einu sinni.
- Píróettur með erfiðleikastig 4 (að hámarki 3 metnir)
- Sporasamsetning (StSq) með erfiðleikastigi 3

3.4.1 Eftirfarandi gildir fyrir mat á innihaldi prógramma

- Stökk með GOE -5 eða << eru ekki talin uppfyllt element nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- Píróettur með GOE -3 er ekki taldir vera uppfyllt element.
- StSq með GOE -3 er ekki talið vera uppfyllt element

3.5 Þættir sem koma til álita og stigagjöf

Stig eru gefin fyrir hvern þátt sem hér segir að undanskildu ákvæði um þátttöku á Íslandsmeistaramóti, virka keppnisþátttöku og virka þátttöku í verkefnum ÍSS.

Hér má finna alla þá þætti sem koma til álita við val í landslið og/eða við val á ISU móti.

- Þátttaka á Íslandsmeistaramóti (sjá 3.1)
- Virk keppnisþátttaka á keppnistímabili (Sjá 3.2)
- Virk þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS (Sjá 3.3)
- Uppfyllt ÍSS viðmið um heildareinkun (TS) um afrekshóp ÍSS (Sjá 2.1)
- Meðaltal af heildareinkunn móta síðastliðinna 12 mánaða (Total Score) (ekki er sama mót reiknað tvisvar sinnum). Meðaltal skilur aðeins á milli skautara ef þeir eru jafnir á ofantöldum stigum.

ÍSS áskilur sér rétt til þess að kalla eftir lækisvottorði (ekki eldra en 6 vikna) um keppnishæfi og skal því skilað til afreksnefndar þremur vikum fyrir áætlaða keppni.

Val fer einungis fram ef ÍSS á takmörkuð pláss, eða svokallaðan kvóta, á mót og ef ÍSS óskar eftir styrkleikaröðun fyrir ákveðin verkefni.

3.6 Dæmi um stigagjöf

Skautari A keppir í Junior flokki og framkvæmir eftirfarandi element á tilteknu móti

- Stökk: 2Lz, 2F, 2Lo, 2T, 2A, 3S
- Píróettur: CCoSp3, CSp2, FSSp4
- Sporasamsetning: StSq2

Skautari B keppir í Junior flokki og framkvæmir eftirfarandi element á tilteknu móti

- Stökk: 2Lo, 2F, 2Lo, 2A, 3S, 3Lo, 3T
- Píróettur: CCoSp4, CSp4, FSSp4
- Sporasamsetning: StSq3

Sjá má dæmi um stigagjöf fyrir element skautara A og B í töflu hér fyrir neðan.

Framkvæmt element umfram lágmarkskröfur	Skautari A	Skautari B
Þátttaka í afreksverkefnum ÍSS	X	0
Íslandsmeistaramót	X	X
3T / 3S / 3Lo / 3F / 3Lz	1	3
Spin 1 (> level 3)	CSp3	LSp3
Spin 2 (> level 3)	FSSp3	FCSp3
Spin 3 (> level 3)	0	CcoSp3
StSq (> level 3)	0	StSq3

Fjöldi stökka alls	1	3
Fjöldi spinna	2	3
Sporasamsetning	0	1
Samtals stig	3	7

4 Mót sem eru metin til viðmiða

Protocol frá gildum mótum samkvæmt reglugerðum ÍSS verða metin til viðmiða. Öll protocol frá ÍSS og ISU mótum munu sjálfkrafa vera skoðuð og metin. Sjá reglugerð ÍSS nr 302 um gild mót.

4.1.1 Skil á protocolum

Senda þarf inn beiðni um mat á protocol og yfirlit yfir dómara fyrir alþjóðleg og opin félagsmót (e. Interclub) til afreksnefndar innan tveggja vikna frá viðkomandi móti vilji skautari fá það metið til viðmiða. Senda skal inn úrslitasíðu protocols, þ.e. fyrsta síðan, eða link á úrslit móts. Keppandi (18 ára og eldri) / forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á afreksnefnd@iceskate.is. Afreiðslutími erinda er tvær vikur.

5 Keppnisþátttaka

5.1.1 Þátttaka á alþjóðlegum mótum

Hægt er að óska eftir því til Skautasambandsins að einstaklingur í flokki afrekshóps ISU/ÍSS fái að taka þátt á gildu móti sbr. reglugerð ÍSS nr 302. Afreksnefnd metur viðkomandi keppendur í samræmi við styrkleika mótsins sem sótt er um þátttöku á.

Þjálfari og keppandi (18 ára og eldri)/forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á afreksnefnd@iceskate.is. Ósk um þátttöku þarf að berast 3 vikum fyrir lokaskráningu viðkomandi móts. Ef ÍSS fær úthlutað takmörkuðum fjölda á mótið þarf val og styrkleikaröðun að fara fram áður en að skráning kemur og því mikilvægt að tímamörk séu virt. Athuga skal að ef alþjóðlegt mót er haldið á Íslandi, telst það vera hluti af mótum á ISU lista.

5.1.2 Þátttaka á alþjóðlegum félagamótum (e. Inter-Club)

Þátttaka íslenskra keppenda í ISU flokkum skal tilkynna til Afreksnefndar. Ef óskað er eftir því að protocol mótsins séu tekin til greina eftir þátttöku skal fylgja lið 4.1.

5.1.3 Skautarar sem hyggjast keppa upp fyrir sig á ISU móti

Hafi skautari aldur til og staðist grunnpróf í viðkomandi flokki getur hann sótt um að keppa upp fyrir sig erlendis. Skautari þarf að hafa sýnt lágmarkskröfur ISU um innihald prógrams fyrir viðkomandi flokk á gildu móti.